

R0812040
133/0

Reykjavíkurborg
annars vegar
og
VM
Félags vélstjóra og málmæknimanna
hins vegar

gera með sér svofellt

samkomulag

um breytingu og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningur aðila framlengist frá 1. nóvember 2008 til 31. ágúst 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Núgildandi launatafla kjarasamningsins samkvæmt grein 1.1.1 hækkar sem hér segir:
Frá 1. nóvember 2008 hækka allar tölur mánaðarlauna dagvinnu um kr. 20.300,-

3. grein

Desemberuppbót

Persónuuppbót á árinu 2008 verður kr. 50.000,-

4. grein

Orlofsuppbót

Orlofsuppbót á árinu 2009 verður kr. 25.200,-

AP CR

5. grein

Veikindi barna

Grein 11.9.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri/forsjármaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

6. grein

Fjölskyldu- og styrktarsjóður

Grein 14.3.1 í nágildandi samningi breytist þannig að iðgjald launagreiðanda hækki úr 0,55% af heildarlaunum í 0,75% af heildarlaunum. Breyting þessi taki gildi frá og með 1. janúar 2009.

7. grein

Mat á starfsaldri

Grein 1.3.2.2 verður sem hér segir:

Launaflokkar vegna starfsþróunar samkvæmt símenntunaráætlun stofnunar. Gert er ráð fyrir að hver stofnun/fyrirtæki setji fram símenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn í starfsáætlun sinni í starfsmannamálum til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna í samræmi við starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar. Starfsmaður, sem tekur virkan þátt í símenntunaráætlun, á rétt á hærri launum en ella. Forsenda launaflokkahækkunar þessarar er staðfest þátttaka starfsmanns í símenntunaráætlun stofnunar/fyrirtækis. Þessi laun geta breyst. Launaflokkar samkvæmt ofangreindu geta verið alls sex skv. eftirfarandi:

| | |
|---|--------------------------------------|
| Eftir 1 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg | Röðun einum launaflokk ofar en ella. |
| Eftir 3 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg | Röðun einum launaflokk ofar en ella. |
| Eftir 5 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg | Röðun einum launaflokk ofar en ella. |
| Eftir 7 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg | Röðun einum launaflokk ofar en ella. |
| Eftir 9 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg | Röðun einum launaflokk ofar en ella. |



Eftir 12 ár í starfi hjá Reykjavíkurborg Röðun einum launaflokk ofar en ella.

Starfstími hlutavinnustarfsmanna á mánaðarkaupi skv kjarasamningum skal metinn til jafns við starfsmenn í fullu starfi.

Þá skal einnig metinn starfstíma starfsmanns sem starfað hefur í sambærilegu starfi á föstu mánaðarkaupi hjá öðru sveitarfélagi eða ríki enda liggi staðfesting fyrri vinnuveitanda fyrir. Starfsmaður fær starfsaldur hjá öðrum vinnuveitanda metinn frá og með næstu mánaðarmótum eftir að hann hefur lagt fram staðfest gögn um starfstíma sinn. Starfstími starfsmanns á hjúkrunarheimilum (sjálfseignarstofnunum) og hjá fyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga sem starfa í almannajónustu er metinn á sama hátt.

Hafi starfsmaður fengið launaflokk/a vegna virkrar þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar en sinnir ekki lengur þeirri skyldu án lögmætra forfalla missir hann þann/þá launaflokk/a er hann hefur fengið. Áður en til þess getur komið ber yfirmanni að greina starfsmanni frá að hann muni missa þennan rétt ef hann bæti ekki virkni sína skv. símenntunaráætlun og ber að útskýra fyrir starfsmanni hvernig hann getur bætt sig. Starfsmaður getur óskað eftir að trúnaðarmaður sé viðstaddur slíkt samtal. Sviði er heimilt að útfæra símenntunaráætlun í samræmi við fylgiskjal 1 um fagviðurkenningu og styttra starfsnám á framhaldsskólastigi.

8 .grein

Grein 2.5.6 breytist og verði þannig:


“Fari yfirvinna starfsmans fram úr einum fimmta af vikulegri vinnuskyldu hans skal hann hafa val milli leyfis og launa sem því nemur, þannig að 1,8 klst. komi í stað unninnar yfirvinnustundar. Slíkt leyfi má aðeins taka í samráði við forstöðumann stofnunar. “

9.grein


Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp á lögformlegan hátt. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 13. desember 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 30. nóvember 2008

f.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs



f.h. VM – félags vélstjóra og málmtæknimanna
með fyrirvara um samþykki félagsmanna



Bókanir

með samkomulagi
Reykjavíkurborgar

og
VM –

Félags vélstjóra og málmæknimanna
Undirrituðu 30. nóvember 2008

Bókun 1 Starfsmat

Bókun 1 í samningi aðila frá 1. des. 2004 fellur niður en í staðinn kemur:

Samningsaðilar munu á samningstímanum vinna áfram að þróun og aðlögun starfsmatskerfisins. Í því skyni eru aðilar sammála um að fela starfsmatsnefnd að leita leiða til fá óháðan sérfræðing til að vinna með nefndinni að mati á kerfinu. Samningsaðilar sækja um styrki til að fjármagna verkefnið. Samningsaðilar eru sammála um nauðsyn þess að styrkja áfram faglegt sjálfstæði starfsmatsins gagnvart stéttarfélögum og stjórnarsýslu borgarinnar og mikilvægi þess að standa vörð um sjálfstæði og fagleg vinnubrögð starfsmatsfulltrúa.

Samningsaðilar munu beita sér fyrir aukinni kynningu á starfsmatinu meðal þeirra stéttarfélaga sem samið hafa um starfsmat og meðal stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Með því móti verði stuðlað að upplýstri umræðu aðila um starfsmatið með það að leiðarljósi að gera kerfið betra og skilvirkara. Kynningaráætlun skal lögð fram í samstarfsnefnd eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Samningsaðilar eru sammála um að fela starfsmatsnefnd að semja vinnureglur um reglubundna yfirferð starfa sem hafa mat eldra en fimm ára. Vinnureglur verði kynntar eigi síðar en 1. febrúar 2009.

Bókun 2 Endurhæfingarsjóður

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar s.l. um að hefja á árinu 2008 þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Hann á að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Reykjavíkurborg hefur ekki haft aðkomu að þessum viðræðum en mun leita eftir viðræðum við hlutaðeigandi aðila um aðild að sjóðnum.

Frá og með 1. nóvember 2008 mun Reykjavíkurborg greiða 0.13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning í vörslu Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg mun hefja greiðslur í sjóðinn þegar formleg aðild borgarinnar hefur verið staðfest.

Bókun 3.

Samningsaðilar eru sammála um að ræða í samstarfsnefnd sérstaklega eftirtalin atriði er :

- 1) Framkvæmd hæfnislauna
- 2) Framkvæmd starfsþróunar og símenntunar hjá félagsmönnum,
- 3) Framkvæmd á sveigjanlegum vinnutíma hjá félagsmönnum,
- 4) þróun starfa og félagsaðild,
- 5) mat á faglegri starfsreynslu

Yfirlýsing

Reykjavíkurborg mun beita sér fyrir skoðun á hæfnislaunakerfi á samningstímabilinu og hafa um það samvinnu við þau stéttarfélag sem aðild eiga að kjarasamningum við Reykjavíkurborg.

APR

Yfirlýsing

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Reykjavík 30.11.2008

f.h. Reykjavíkurborgar




f.h. VM – Félags vélstjóra og
málmtæknimanna



Minnisblað


Reykjavíkurborg og VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna munu sameiginlega gefa út heildstæðan kjarasamning milli aðilanna þar sem VM – Félag vélstjóra og málmæknimanna hefur öðlast sjálfstæðan samningsrétt. Samningurinn byggir á kjarasamningi og Samiðnar frá 19. janúar 2007

f.h. Reykjavíkurborgar



Dís Lípman

f.h. VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna



Guðm. Ragnarsson

GR